

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/77/EB**frá 20. desember 1994****um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/50/EB ⁽²⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukunum var stept saman með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽³⁾.

Nýtt aukefni í flokki sýklalyfja hefur verið prófað með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum. Leyfa ber tímabundna notkun þessa nýja efnis innanlands uns unnt er að leyfa það á vettvangi bandalagsins.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. nóvember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 20. desember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 113, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/96 frá 26. apríl 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 27.

(3) Stjtið. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE:

Í A-hluta „Sýklalyf“ bætast eftirtalin atriði við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða-flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilfóðurs			
32	Ardasín	$C_{81-83}H_{80-84}Na_2N_8O_{30}Cl_4$ (glýkópeptíð) Natríumsalt úr efnasambandi sem er samsettu úr 10 efnisþáttum: Þáttur A: 16-36% Þáttur B: 15-30% Efnisþættir C+C ₁ : 20-50% Efnisþáttur C ₂ : 5-14% Efnisþáttur D: 0-5% HP-4: 0-10% Framleiðandi <i>Kibdelosporangium</i> <i>aridum</i> (ATCC 39323). Ardasínmagn í leyfilegri efnablöndu: 25%	Holdakjúklingar	-	3	7	-	30. 11. 1995